

# Ársreikningur 2022



Akraneskaupstaður

Háhiti ehf.

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Áritun endurskoðanda .....	3-4
Áritun og skýrsla stjórnar .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8-9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11-12

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Háhita ehf.

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Háhita ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstarhæfi félagsins.

## Háhiti ehf.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2023.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

---

Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi

## Áritun og skýrsla stjórnar

---

Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Tap af rekstri Háhita ehf. á árinu nam 209 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 50 þús. kr. og skuldir 2.303 þús. kr. í árslok 2022. Eigið fé var neikvætt um 2.253 þús. kr. Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess en skuld við hann nam 2.044 þús. kr. í árslok.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi félagsins.

Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun á móti tapi ársins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Stjórn Háhita ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi,      apríl 2023.

**Stjórn:**

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	7	23.505	43.236
Annar rekstrarkostnaður .....	8	<u>101.545</u>	<u>120.996</u>
	3	<u>125.050</u>	<u>164.232</u>
(Tap) fyrir fjármagnsliði .....		(125.050)	(164.232)
<b>Fjármagnsliðir:</b>			
Vaxtatekjur .....		209	111
Vaxtagjöld .....		(505)	(290)
Vaxtagjöld Aðalsjóður .....		<u>(83.888)</u>	<u>(85.744)</u>
		<u>(84.184)</u>	<u>(85.923)</u>
Tekjuskattur .....	4	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>(Tap) ársins .....</b>	<b>1,2</b>	<b><u>(209.234)</u></b>	<b><u>(250.155)</u></b>

## Efnahagsreikningur

---

## Eignir:

31.12.2022      31.12.2021

## Veltufjármunir:

## Skammtímafröfur:

Fjármagnstekjuskattur .....	46	25
-----------------------------	----	----

## Handbært fé:

Bankareikningar .....	50.154	18.832
-----------------------	--------	--------

Veltufjármunir	<u>50.200</u>	<u>18.857</u>
----------------	---------------	---------------

Eignir samtals

50.20018.857

## 31 desember 2022

---

### Eigið fé og skuldir:

		31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		500.000	500.000
Annað eigið fé (ójafnað) .....		<u>(2.753.072)</u>	<u>(2.543.838)</u>
Eigið fé	5	<u>(2.253.072)</u>	<u>(2.043.838)</u>
 <b>Skammtímaskuldir:</b>			
Aðalsjóður .....	6	2.284.076	2.044.123
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>19.196</u>	<u>18.572</u>
Skammtímaskuldir		<u>2.303.272</u>	<u>2.062.695</u>
Skuldir samtals		<u>2.303.272</u>	<u>2.062.695</u>

**Eigið fé og skuldir samtals**

**50.200**

**18.857**

## Sjóðstreymi árið 2022

---

Rekstrarhreyfingar:	2022	2021
(Tap) ársins .....	<u>(209.234)</u>	<u>(250.155)</u>
Veltufé (til rekstrar)	<u>(209.234)</u>	<u>(250.155)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur - (hækkun) .....	(21)	(7)
Skammtímaskuldir - hækkun .....	<u>624</u>	<u>427</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>603</u>	<u>420</u>
Handbært fé (til rekstrar)	<u>(208.631)</u>	<u>(249.735)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Aðalsjóður, breyting .....	<u>239.953</u>	<u>251.676</u>
Hækkun á handbæru fé .....	31.322	1.941
Handbært fé í ársbyrjun .....	<u>18.832</u>	<u>16.891</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b><u>50.154</u></b>	<b><u>18.832</u></b>

## Skýringar

## Félagið:

- Háhiti ehf. er íslenskt einkahlutafélag. Heimilisfang félagsins er að Stillholti 16-18, Akranesi. Tilgangur félagsins er iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

## Reikningsskilaaðferðir:

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

*Færsla gjalda*

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

*Tekjuskattur*

- Ójafnað tap í árslok nemur 2.417 þús. kr. og nemur skattinneign vegna þess um 484 þús. kr. Skattinneign er ekki færð í ársreikninginn þar sem óvíst er um nýtingu hennar.

## Eigið fé:

- Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 500 þús. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig í árslok:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun .....	500.000	(2.543.838)	(2.043.838)
(Tap) ársins .....		(209.234)	(209.234)
	<u>500.000</u>	<u>(2.753.072)</u>	<u>(2.253.072)</u>

Neikvæð eiginfjárstaða félagsins er fjármögnuð af eiganda þess, en skuld við hann nam 2.253 þús. kr. í árslok.

## Skammtímaskuldir:

- Viðskipti við eiganda félagsins á árinu 2022 og staða viðskiptaskuldar í árslok 2022 greinast þannig:

	Vaxta- gjöld	Þjónustu- kaup	Viðskipta- skuldir 31.12.2022
Akraneskaupstaður .....	83.888	30.000	2.284.076
	<u>83.888</u>	<u>30.000</u>	<u>2.284.076</u>

## Háhiti ehf.

### Sundurliðanir:

	2022	2021
7. Laun og launatengd gjöld:		
Stjórnarlaun .....	20.447	37.698
Lífeyrissjóður .....	1.636	3.016
Tryggingagjald .....	1.402	2.484
Önnur launatengd gjöld .....	20	38
	<u>23.505</u>	<u>43.236</u>
8. Annar rekstrarkostnaður:		
Sérfræðiþjónusta .....	48.750	47.188
Þjónustugjald .....	3.995	3.500
Bókhalds- og skrifstofuþjónusta .....	30.000	52.008
Útvarpsgjald .....	18.800	18.300
	<u>101.545</u>	<u>120.996</u>